

Ed.

113. Frumvarp til laga

[82. mál]

um breyting á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Meðan skógarhögg, mótak, mól, sandur eða annað verðmætt jarðefni er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, hagnýta þessi verðmæti, nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. þetta felur í sér þá breytingu á gildandi landskiptalögum, að ákvæði 17. gr. laganna verði ljós um það, að enginn eigandi sameignarlands megi, án samþykkis hins, eða hinna, ef fleiri eru, sem landið eiga, hagnýta óskipt verðmætt jarðefni sameignarinnar, hver sem þau eru, nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig. Vafalaust hefur vakað fyrir löggjafanum, að svo ætti að vera, þótt ekki sé hreinlega fram tekið. Þegar löggin voru sett, var sala á jarðefnum ekki jafnalgeng og nú, svo sem mól, sandi og grjóti, og því hefur sézt yfir að nefna þessar söluvörur og hafa greinina ljósari.

Upp á síðkastið hefur hin takmarkaða upptalning í greininni stundum valdið deilum milli sameigenda. Frumvarpið er flutt til þess að koma í veg fyrir slíka árekstra.